

Nd.

5. Frumvarp til laga

[5. mál]

um verðtryggingu launa.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur fyrir unnin störf samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga. Sama gildir um bætur greiddar í peningum samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum bótaupphæða, svo og um bætur samkvæmt lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga og á lífeyri úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Skal hlutaðeigandi lífeyrissjóður greiða verðlagsuppbótina gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá. Verðlagsuppbót greiðist ekki á lífeyrisgreiðslur, er sjálfkrafa fylgja breytingum launa, sem verðtryggð eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Fyrirmæli þessara laga taka til kauptrygginga bátasjómannanna og til vinnulauna, sem greidd eru samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, enda séu þeir ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélags, sem í hlut á, eða miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreina annars staðar.

Fyrirmæli þessara laga taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og ekki heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

2. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna kaupgreiðsluvisitölu eftir visitölu framfærslukostnaðar á þann hátt að eigi sé tekið tillit til þeirrar hækkunar eða lækkunar á síðar nefndu visitölunni, er leitt hefur af breytingu á vinnulið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, annað hvort vegna breyttra kjaraákvæða í samningum stéttarfélaga eftir lok maímánaðar 1964 eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Kaupgreiðsluvisitala sú, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., reiknast eftir visitölu framfærslukostnaðar 1. nóvember, 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu þrjá mánuði, frá byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, í fyrsta sinn frá 1. desember 1964.

3. gr.

Verðlagsuppbót samkvæmt fyrirmælum síðari málsgr. 2. gr. skal nema sem svarar 0.61% af grunnlaunum fyrir hvert stig, sem kaupgreiðsluvisitala hvers þriggja mánaða tímabils kann að vera hærri en framfærsluvisitala 163 stig.

Við greiðslu verðlagsuppbótar á vikulaun og mánaðarlaun skal hún reiknuð í heilum krónum, þannig að sleppt sé broti úr krónu, sem ekki nær hálfri krónu, en annars hækkað í heila krónu.

4. gr.

Vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara skulu hækka eða lækka samkvæmt breytingum visitölu eftir sömu reglum og um ræðir í 2. og 3. gr., og afurðaverð til bænda breytast um leið til samræmis. Þó skal slík breyting á vinnuliðum verðlagsgrundvallar ekki eiga sér stað, nema samkvæmt ósk fulltrúa framleiðenda eða fulltrúa neytenda í Sexmannanefnd.

5. gr.

Félagsdómur sker úr ágreiningsatriðum varðandi túlkun á fyrirmælum 1.—3. gr. þessara laga, og eru úrskurðir hans fullnaðarúrskurðir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 23. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðastliðnu vori fóru fram viðræður á milli ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um leiðir til stöðvunar verðbólgu og til kjarabóta fyrir verkafólk. Þessar viðræður leiddu, eins og kunnugt er, til samkomulags þann 5. júní s. l. um verðtryggingu kaupgjalds, um breytingu viku- og mánaðarkaupts, um styttingu eftirvinnutíma og breytingu eftirvinnuálags, um lengingu orlofs og um sérstakar aðgerðir í húsnæðismálum. Var samkomulagið háð því skilyrði, að samningar næðust á milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda til eins árs eða lengur, er ekki fælu í sér neina hækkun grunnlauna á því tímabili. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með þessum athugasemdum.

Það var ætlunin, þegar samkomulagið var gert, að sum atriði þess yrðu staðfest með bráðabirgðalögum, og þá einkum verðtrygging kaupgjalds, er átti að koma til framkvæmda þann 1. september. Setning bráðabirgðalaga frestaðist hins vegar vegna dráttar á því, að samningar tækjust nógu almennt á grundvelli 5. júní samkomulagsins á milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Þar sem ríkisstjórnin ákvað að greiða niður hækkun vöruverðs fyrst um sinn, var heldur ekki brýn þörf á setningu laganna. Enn hafa að vísu allmörg félög ekki lokið samningum við vinnuveitendur, en engu að síður þykir rétt að fá lagaheimild fyrir verðtryggingu launa, eins og í frumvarpi þessu er lagt til.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru aðalákvæði frv., um verðtryggingu vinnulauna og tiltekinna annarra greiðslna. Til vinnulauna teljast í þessu sambandi greiðslur samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, en þó því aðeins, að þeir séu ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélaganna við vinnuveitendur eða — ef um slíkt er ekki að ræða — miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreinar annars staðar. Í 3. málsg. er kveðið svo á, að verðlagsuppbót skuli ekki greidd á laun, sem ákveðin eru sem hundradshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti. Samkvæmt þessu greiðist t. d. ekki verðlagsuppbót á aflahlut, en hins vegar á kauptryggingu sjómanna, sbr. 2. málsg. 1. gr.

Verðtryggingin tekur til eftirfarandi greiðslna, auk vinnulauna: Bótaupphæða almennatrygginga og atvinnuleysistrygginga, eftirlauna og styrktarfjár á 18. gr. fjárlaga og til lífeyris úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Verðtryggingarákvæði frv. taka af eðlilegum ástæðum aðeins til lífeyrisgreiðslna úr þeim sjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða fyrirtæki hans greiða iðgjöld til. Hvað aðrir lífeyrissjóðir gera í þessu efni, er mál þeirra sjálfra.

Ákvæði 1. gr. um, til hvers verðtrygging launa skuli ná, eru efnislega hin sömu og giltu fram að setningu efnahagsmálalaga, nr. 4/1960, en með ákvæðum 23. gr. þeirra laga var hið svo nefnda vísitölukerfi afnumið.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um sérstaka kaupgreiðsluvísitölu, er skal reiknuð eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar hækkunar eða lækkunar á síðar nefndu vísitölu, sem leitt hefur af breytingu á vinnuliðum verðlagsgrundvallar landbúnaðarvара, annað hvort vegna breyttra kjaraákvæða í samningum stéttarfélaganna eftir lok maímánaðar 1964 (þ. e. áður en samkomulag ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambandsins og vinnuveitenda var gert 5. júní 1964) eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun skv. fyrirmælum laganna. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði og var í 3. málsg. 6. gr. gengisskráningarlaga, nr. 22/1950, og síðast

var reiknuð kaupgreiðsluvísitala eftir haustið 1955. Við útreikninga hennar var aðeins tekið tillit til þeirrar hækkunar á vinnuliðum verðlagsgrundvallar, sem stafaði af greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt ákvæðum gengisskráningarlaga, en samkvæmt þessu frv. skal einnig taka tillit til þeirrar hækkunar vinnuliða, sem leitt hefur af breyttum kjaraákvæðum í samningum stéttarféлага.

Ákvæði síðari málsgr. 2. gr. um útreikninga- og gildistökutíma hvernar ársfjórðungslegrar kaupgreiðsluvísitölu eru hin sömu og giltu frá vori 1951 og fram að setningu efnahagsmálalaga 1960.

Um 3. gr.

Samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnar, Alþýðusambandsins og vinnuveitenda frá 5. júní 1964 skal verðlagsuppbót greidd á laun, ef kaupgreiðsluvísitala hækkar frá framfærsluvísitölu 163 stig hinn 1. maí 1964. Hver eins stigs hækkun vísitölu upp fyrir 163 stig svarar til 0,61% hækkunar, og samkvæmt því er ákveðið í fyrri málsgr. 3. gr., að grunnlaun skuli hækka um þennan hundraðshluta fyrir hvert stig, sem kaupgreiðsluvísitala hvers þriggja mánaða tímabils kann að vera hærri en framfærsluvísitala 163 stig.

Til þess að spara vinnu við féhirðis- og bókhaldsstörf er gert ráð fyrir, að verðlagsuppbót á vikulaun og mánaðarlaun sé reiknað í heilum krónum.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, af vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara hækki eða lækki samkvæmt breytingum vísitölu eftir sömu reglum og laun fylgja vísitölu, og breytist þá afurðaverð til bænda um leið til samræmis. Samkvæmt 2. málslið þessarar gr. skal þó slík breyting ekki eiga sér stað, nema eftir ósk fulltrúa framleiðenda eða neytenda í Sexmannanefnd. Þykir rétt, að þeir geti, ef svo ber undir, samið um frávik frá aðalreglunni í fyrri málslið gr.

Um 5. gr.

Vegna starfssviðs og starfshátta félagsdóms þykir eðlilegast, að hann skeri úr ágreiningsefnum varðandi túlkun á fyrirmælum 1.—3. gr., og er svo ákveðið í 5. gr.

Um 6. gr.

Samkomulaginu frá 5. júní var ætlað að gilda í eitt ár, en ekki þykir ástæða til að mæla nú svo fyrir, að ákvæði þessa frumvarps skuli eigi gilda lengur, því að taka verður ákvörðun um frambúðarskipan þessara mála eftir viðhorfi þeirra hverju sinni.

Fylgiskjal.

Undanfarnar vikur hafa farið fram viðræður á milli ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Ræddar hafa verið leiðir til stöðvunar verðbólgu og til kjarabóta fyrir verkafólk. Þessar viðræður hafa nú leitt til samkomulags um þau atriði, sem hér fara á eftir, og mæla aðilar með því, að samningar milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda séu nú gerðir á þeim grundvelli.

I. Verðtrygging kaupgjalds.

1. Ríkisstjórnin beitir sér fyrir því, að verðtryggingu kaupgjalds sé komið á með lagasetningu. Verðtryggingin sé miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík. Þó nái verðtryggingin ekki til hækkunar þeirrar vísitölu, sem stafar af hækkun á vinnulið verðgrunns landbúnaðarafurða vegna breytinga á kauplöxtum eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun.
2. Reiknuð sé út sérstök kaupgreiðsluvísitala fjórum sinnum á ári, miðað við þann 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Þessi vísitala sé miðuð við sama grundvallartíma og núverandi vísitala (marz 1959).

3. Kaup breytist samkvæmt hækkun kaupgreiðsluvisitölunnar frá því, sem hún var 1. maí 1964. Þessar breytingar fari fram ársfjórðungslega mánuði eftir að kaupgreiðsluvisitalan hefur verið reiknuð út, þ. e. 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember. Kaup breytist með hverri hækkun eða lækkun visitölunnar um eitt stig eða meira.
4. Aðilar samkomulagsins mæla með því við Kauplagnesnefnd og Hagstofuna, að hafin sé endurskoðun grundvallar visitölu framfærslukostnaðar. Nýr visitölugrundvöllur taki því aðeins gildi á samkomulagstímabilinu, að samkomulag sé um það á milli aðila.

II. Viku- og mánaðarkaup verkafólks í samfelldri vinnu.

Verkalýðsfélög og vinnuveitendur semji um, að verkafólki, sem unnið hefur sex mánaða samfellda vinnu hjá sama vinnuveitanda, verði greitt óskert vikukaup, þannig að samningsbundnir frídagar, aðrir en sunnudagar, séu greiddir.

Með samfelldri sex mánaða vinnu er átt við, að unnið hafi verið hjá sama vinnuveitanda full dagvinna í sex mánuði, enda jafngildi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkþanna fullri vinnu. Sama gildir um daga, sem falla úr, t. d. í fiskvinnslu, vegna hráefnisskorts eða sambærilegra orsaka.

Það jafngildir samfelldri vinnu, ef unnið hefur verið í árstíðabundinni vinnu samtals í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda á undanförunum tveimur árum. Slík árstíðabundin vinna skal þó því aðeins tekin til greina, að unnið hafi verið samfellt yfir heil athafnatímabil (vertiðir).

III. Breyting eftirvinnutíma og eftirvinnuálags.

Verkalýðsfélög og vinnuveitendur semji um, að tillaga Vinnutímanefndar í álitni nefndarinnar, dags. 21. maí 1964, um samræmingu eftirvinnutíma og álags á eftirvinnukaup hjá verkamönnum, verkakonum og inðnverkamönnum taki gildi, en hún er á þá leið, „að eftirvinna skuli teljast fyrstu 2 klst. eftir að dagvinnu lýkur, þannig að 15 mínútur af henni falli niður. Greiddur kaffitími sé látinn standa óbreyttur. Eftirvinnuálag lækki í 50%. Nætur- og helgidagakaup standi óbreytt í krónutölu, þannig að hlutfallstengsli þess við dagvinnukaup rofni um sinn“.

Jafnframt sé dagvinnukaup hækkað þannig, að tekjur verði óbreyttar þrátt fyrir styttingu vinnutímans um stundarfjórðung og lækkun eftirvinnuálags.

Ríkisstjórnin mun nú þegar beita sér fyrir lagasetningu um lengingu orlofs verkafólks úr 18 dögum í 21 dag, sem svarar hækkun orlofsfjár úr 6% í 7%.

Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að löggjöf verði sett um vinnuvernd, þegar tillögur í því efni liggja fyrir frá Vinnutímanefnd. Einnig verði haldið áfram athugunum og undirbúningi að frekari styttingu vinnutíma.

IV. Húsnæðismál.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir ráðstöfunum til úrlausnar í húsnæðismálum, er hafi þann tilgang annars vegar að létta efnalitlum fjölskyldum að eignast íbúðir, en hins vegar að tryggja nægar og stöðugar íbúðabyggingar í landinu. Í þessu skyni mun ríkisstjórnin tryggja eftirfarandi:

1. Aflað verði á þessu ári og á fyrri hluta næsta árs 250 millj. kr. til þess að mæta þeim umsóknum, sem lágu óafgreiddar hjá Húsnæðismálastjórn 1. apríl s. l. Húsnæðismálastjórn ákveður upphæðir þessara lána og setur reglur um uppgjör fyrri skuldbindinga sinna.
2. Frá og með árinu 1965 verði komið á kerfisbreytingu íbúðalána, þannig að tryggt verði fjármagn til þess að veita lán til ákveðinnar tölu íbúða á ári, og verði loforð fyrir lánnum veitt fyrirfram. Fyrstu árin verði þessi lán ekki færri en 750 og lánsfjárhæð út á hverja íbúð ekki lægri en 280 þús. kr. eða $\frac{2}{3}$ kostnaðar, hvort sem lægra er. (Lánin greiðist að hálfu að hausti, en að hálfu næsta vor). Þessi tala sé við það miðuð, að tryggð verði bygging 1500 íbúða á ári, er síðan fari smá-

hækkandi í samræmi við áætlanir um þörf fyrir nýjar íbúðir. Telji Húsnæðismálastjórn það æskilegt, getur hún fækkað lánunum á árinu 1965 samkvæmt nýja kerfinu, enda bætist þá samsvarandi upphæð við það fé, sem til ráðstöfunar verður samkv. lið 1. hér að framan.

3. Hluta þess fjár, sem Byggingarsjóður hefur til umráða verði varið til viðbótarlána umfram þær 280 þús. kr. á íbúð, sem að framan getur, til að greiða fyrir íbúðabyggingum efnalitilla meðlima verkalýðsfélaga. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum frá stjórn þess verkalýðsfélags, sem í hlut á. Í þessu skyni skal varið 15—20 millj. kr. árlega.
4. Jafnframt mun ríkisstjórnin beita sér fyrir öflun lánsfjár til byggingar verkamannabústaða.

Eftirfarandi atriði eru forsendur fyrir því, að ríkisstjórnin taki á sig skuldbindingar þær, sem að ofan getur:

- a) Lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði.

Renni skatturinn til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

- b) Til viðbótar við launaskattinn og það eigið fé, sem Byggingarsjóður þegar ræður yfir, mun ríkisstjórnin tryggja honum 40 millj. kr. nýtt stofnframlag á ári með framlagi úr ríkissjóði, álagningu nýs skatts á fasteignir eða með öðrum hætti.
- c) Svo verði frá gengið, að ríkisframlag til Atvinnuleysistryggingarsjóðs gangi árlega til kaupa á íbúðalánabréfum hins almenna veðlánakerfis.
- d) Komið verði á nýju kerfi íbúðalána fyrir lífeyrissjóði til samræmis við þær reglur, sem gilda um lán Húsnæðismálastjórnar.

Til þess að þessar aðgerðir nái tilgangi sínum og hið nýja veðlánakerfi geti byggt sig upp með öruggum hætti og hægt verði að lækka vexti og haga lánskjörum í samræmi við greiðslugetu alþýðufjölskyldna verði tekin upp vísitölubinding á öllum íbúðalánunum. Er gert ráð fyrir því, að lánskjör á íbúðalánunum verði þannig, að lánin verði afborgunarlaus í eitt ár og greiðist síðan á 25 árum með 4% vöxtum og jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana. Full vísitöluuppbót reiknist síðan á þessa árgreiðslu.

V. Önnur atriði.

Samkomulagið um þau atriði, sem að framan greinir, er háð því skilyrði, að samningar náist á milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, er gildi til ekki skemmri tíma en eins árs og feli ekki í sér neina hækkun grunnlauna á því tímabili.

Reykjavík, 5. júní 1964.

F. h. ríkisstjórnar Íslands.

Bjarni Benediktsson. **Emil Jónsson.**

F. h. Alþýðusambands Íslands.

Hannibal Valdimarsson.	Hermann Guðmundsson.	Markús Stefánsson.
Guðjón Sigurðsson.	Jóna Guðjónsdóttir.	Óskar Hallgrímsson.
Eðvarð Sigurðsson.	Björn Jónsson.	Snorri Jónsson.

F. h. Vinnuveitendasambands Íslands.

Kjartan Thors.	Björgvin Sigurðsson.	Jón H. Bergs.
Sveinn Guðmundsson.	Gunnar Guðjónsson.	

F. h. Vinnumálasamb. samvinnufélaga.

Sveinn H. Valdimarsson.